

LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 14. apríl 2026.

Mál nr. 285/2026:

Lögglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Hildur Sunna Pálmadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Farbann.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem X var gert að sæta áfram farbanni á grundvelli b-liðar 1. mgr. 95. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarnir Eyvindur G. Gunnarsson, Ragnheiður Bragadóttir og Símon Sigvaldason kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 10. apríl 2026 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum samdægurs. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 2026 í málinu nr. R-[...]/2026 þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram farbanni, þó ekki lengur en til föstudagsins 3. júlí 2026, klukkan 16. Kæruheimild er í l-lið 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.
- Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að farbanni verði markaður skemmri tími.

Niðurstaða

- Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 2026

Mál þetta var þingfest og tekið til úrskurðar 10. apríl 2026.

Sóknaraðili er Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Varnaraðili er X, kt. [...].

Dómkröfur

Þess er krafist að X, kt. [...], sæti áframhaldandi farbanni með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, til föstudagsins 3. júlí 2026, kl. 16:00.

Málsatvik

Í greinargerð sóknaraðila er atvikum lýst svo: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur til rannsóknar skipulagða brotastarfsemi kærða og samverkamanna. Hefur lögregla rökstuddan grun um að kærði og samverkamenn hans hafi um nokkurt skeið og fram til 5. mars 2024 staðið að mansali, skjalafalsi og peningaþvætti sem og ólöglegri sölu dvalarleyfa og brotum á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Kærði sætti gæsluvarðhaldi frá 6. mars 2024 en var þann 13. júní 2024 úrskurðaður í farbann sem framlengt hefur verið með úrskurðum dómstóla, nú síðast með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. janúar sl. í máli R-[...]/2026 sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar í máli 68/2026, þó þannig að tímalengd farbannsins var stytta.

Í fyrri úrskurðum dómstóla um að kærði skyldi sæta farbanni hefur komið fram að hann og sambýliskona hans og barnsmóðir hafi verið í umtalsverðum samskiptum við fjölskyldu hennar í [...] þar sem foreldrar hennar og systir búa. Þá á kærði dóttur sem býr í [...]. Þá beri gögn málsins skýrlega með sér að persónulegar aðstæður varnaraðila hér á landi eru vegna málsins í uppnámi og háðar óvissu. Hafa dómstólar fallist á að hætta væri á því að varnaraðili myndi reyna að komast úr landi eða leynast, ellegar koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar, fari hann frjáls ferða sinna og því talið að skilyrði b-liðar 1. mgr. 95. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 88/2008 væru uppfyllt í málinu.

Í úrskurði héraðsdóms þann 22. janúar sl. kemur fram að að mati dómsins hafi ekkert nýtt komið fram í málinu sem hnekkir geti fyrri mati eða niðurstöðu Landsréttar um að kærði skyldi sæta farbanni og segir jafnframt að aðkoma varnaraðila geti skipt miklu máli varðandi framgang rannsóknarinnar.

Lagarök

Í greinargerð er krafa sóknaraðila rökstudd þannig: Lögreglustjóri hefur til rannsóknar umfangsmesta mál sinnar tegundar hér á landi þar sem fjöldi einstaklinga hefur fengið stöðu sakbornings í málinu, yfir 30 manns hafa fengið stöðu brotaþola. Varðar málið skipulagða brotastarfsemi sem stóð yfir um margra ára skeið og teygði anga sína þvert á landamæri og það til [...]. Þá verður jafnframt að hafa í huga að allir málsaðilar, bæði sakborningar, þolendur og mörg vitni eru af erlendu bergi brotin og því gögn málsins að mestu leyti á [...] eða [...].

Í úrskurði Landsréttar frá 28. janúar sl. um að kærði skyldi sæta farbanni til 10. apríl 2026 er tekið fram að farbann sé þvingunarráðstöfun og megi af þeim sökum ekki standa lengur en nauðsynlegt er miðað við eðli og umfang máls. Þá sé það einnig skilyrði fyrir beitingu farbanns að rannsókn sé fram haldið án tafa sem ekki verði réttættar. Vísar Landsréttur til þess að fátt markverkt hafi gerst í þá fjóra mánuði sem liðu frá því kærði var úrskurðaður í áframhaldandi farbann í september og fram í janúar sl. og tafirnar fyrst og fremst skýrast af atriðum sem varði lögreglustjóra og lögreglustjóri hafi ekki gefið upplýsingar um það hvenær líklegt þyki að rannsókn ljúki þannig að taka megi ákvörðun um saksókn.

Meðal gagna málsins sem lögð eru fram fyrir dóminn nú er upplýsingaskýrsla um stöðu rannsóknarinnar í apríl 2026. Þar kemur fram að frá því í janúar 2026 hefur rannsóknardeild verið að fara yfir þýðingar á gögnum og ritað tilvikaskýrslur út frá þeim, sent gögn í þýðingu, tekið skýrslur af sakborningum í málinu, framkvæmt trúverðugleikamat á framburði brotaþola, rannsakað prófskírteini sem kærði lagði fram við umsókn um dvalarleyfi brotaþola hér á landi, rannsakað haldlagða muni í málinu og tekið saman skýrslur um hvern og einn brotaþola í málinu út frá þeim gögnum sem aflað hefur verið. Í upplýsingaskýrslunni kemur fram að teknar voru skýrslur af kærða þann 13. og 23. mars sl. þar sem framburðir og gögn voru borin undir hann. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að varðandi síma kærða þá hefur ekki enn tekist að afrita hann og rannsaka með fullnægjandi hætti þar sem þau lykilorð sem kærði hefur gefið lögreglu eru ekki rétt, en síðast við skýrslutöku þann 13. mars sl. gaf hann upp lykilorð sem ekki reyndist vera rétt. Hefur þetta haft áhrif á tímalengd rannsóknarinnar og gert það að verkum að hún hefur tafist.

Það mál sem til rannsóknar er er eitt hið umfangsmesta sem til rannsóknar hefur verið hér á landi. Lengd rannsóknarinnar getur því ekki talist óeðlileg.

Vísar lögreglustjóri máli sínu til stuðnings til norskra dóma í málum LB-2018-102939-2 sem varðaði hagnýtingu fjölda brotaþola í vinnumansal, en rannsókn hófst árið 2014 og málið fór fyrir héraðsdóm í Osló árið 2018 og fyrir áfrýjunardómstól 2018, LE-2016-209073 sem varðaði fjóra brotaþola og hófst rannsóknin í janúar 2015, en ákæra var gefin út í nóvember 2016, annað mál varðaði einn brotaþola, konu sem hagnýtt var í vændi á tímabilinu 2011-2012 og ákæra var gefin út árið 2014.

Í ljósi þessa verður að telja að sá tími sem rannsókn þessa máls hefur tekið, þar sem um er að ræða fjölda sakborninga og tugi brotaþola, rannsókn sem spannar um tvö ár, sé í samræmi við það sem almennt gerist í slíkum málum á norðurlöndunum.

Í niðurstöðu úrskurðar Landsréttar frá 28. janúar sl. um að kærði skyldi sæta áframhaldandi farbanni kemur fram að taka þurfi mið af því að málið sé afar umfangsmikið og hafi fjöldi einstaklinga fengið réttarstöðu sakbornings og brotaþola í málinu. Um sé að ræða grun um skipulagða brotastarfsemi sem hafi staðið yfir um margra ára skeið og teygði anga sína milli landamæra. Taldi Landsréttur að játa yrði lögreglu enn um sinn svigrúm til að ljúka rannsókninni og taka að því loknu ákvörðun um saksókn og því fallist á að nauðsynlegt væri að kærði sætti farbanni.

Lögreglustjóri vinnur nú að því að ljúka rannsókn málsins eins hratt og mögulegt er svo hægt sé að senda málið til embættis héraðssaksóknara um ákvörðun saksóknar. Rannsóknin er á lokametrunum og er nú unnið úr þeim gögnum sem aflað hefur verið, útbúnar tilvikaskýrslur og tímalínur í samræmi við gögnin svo ákærvaldið geti tekið ákvörðun um saksókn.

Af öllu framansögðu hefur rannsókn málsins verið markviss, skipulögð og skilvirk frá því í janúar, þegar kærði var síðast úrskurðaður í áframhaldandi farbann. Í ljósi þess að það sér fyrir endann á rannsókn málsins telur lögreglustjóri brýnt og ekki úr hófi fram að kærði sæti áframhaldandi farbanni til 3. júlí n.k.

Rannsókn lögreglu lýtur að alvarlegum sakargiftum sem varðað geta allt að 12 ára fangelsi, er afar umfangsmikil og varðar meinta skipulagða brotastarfsemi sakborninga þar sem grunur leikur á að fjöldi einstaklinga í viðkvæmri stöðu hafi verið blektir til að flytja búferlum frá [...] til Íslands og verið hér hagnýttir yfir langan tíma í nauðungarvinnu. Á málið sér enga hliðstæðu hér á landi.

Að öllu framangreindu virtu og með hliðsjón af því hve alvarleg háttsemi kærði er sakaður um, er þess krafist að hann sæti farbanni á grundvelli b. liðar 1. mgr. 95. gr., sbr. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 til föstudagsins 3. júlí 2026 kl. 16:00.

Niðurstaða

Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hefur til rannsóknar mál er varðar ætlaða skipulagða brotastarfsemi varnaraðila og ætlaðra samverkamanna. Beinist rannsókn lögreglu að því að varnaraðili og samverkamenn hans hafi um nokkurt skeið staðið að mansali, skjalafalsi og peningaþvætti sem og að ólöglegri sölu dvalarleyfa og brotum á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Með vísan til kröfu sóknaraðila og þeirra gagna sem liggja fyrir dóminum eru umrædd brot talin umfangsmikil og rannsóknin teygir sig út fyrir landsteinana og yfir til annarra ríkja.

Ætluð brot varnaraðila eru talin varða við 155. gr., 227. gr. a og 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 116. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 og 2. mgr. 27. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002. Hin meintu brot geta varðað allt að 12 ára fangelsi ef sök sannast. Er almennum skilyrðum 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þannig fullnægt eins og hér stendur á.

Krafa sóknaraðila um áframhaldandi farbann yfir varnaraðila er reist á b-lið 1. mgr. 95. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 verður sakborningur því aðeins úrskurðaður í gæsluvarðhald að fram sé kominn rökstuddur grunur um að hann hafi gerst sekur um háttsemi sem fangelsisrefsing er lögð við, enda hafi hann náð 15 ára aldri. Auk þess verður að vera fyrir hendi eitthvert þeirra sérstöku skilyrða sem talin eru upp í staflíðum a til d nefnds lagaákvæðis. Sá staflíður sem byggt er á í þessu máli setur það sérstaka skilyrði að ætla megi að varnaraðili muni reyna að komast úr landi eða leynast ellegar koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar.

Vegna málsins sætti varnaraðili í kjölfar handtöku í fyrstu gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarhagsmuna á grundvelli a-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 frá 6. mars 2024, sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar í máli nr. 434/2024. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 13. júní 2024 í máli nr. R-[...]/2024 var varnaraðila síðan gert að sæta farbanni á grundvelli b-liðar 1. mgr. 95. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 88/2008, sem var framlengt á sama grundvelli með úrskurði héraðsdóms frá 12. september 2024 í máli nr. R-[...]/2024, sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar frá 19. sama mánaðar í máli nr. 720/2024. Þá var farbannið framlengt með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 2024 í máli nr. R-[...]/2024, sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar í máli nr. 996/2024. Farbann varnaraðila var framlengt á sama grundvelli með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. R-[...]/2025 þann 9. apríl 2025 og var sá úrskurður staðfestur með úrskurði Landsréttar í máli réttarins nr. 275/2025. Farbann varnaraðila var aftur framlengt á sama grundvelli með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. R-[...]/2025 sem var staðfestur með úrskurði Landsréttar í máli nr. 505/2025 3. júlí 2025. Þá var farbann varnaraðila framlengt á sama grundvelli með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 23. september 2025 í máli nr. R-[...]/2025 sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar 25. september 2025 í máli nr. 666/2025. Síðast var farbann varnaraðila framlengt til 22. maí 2026 á sama grundvelli með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 22. janúar 2026 í máli nr. R-[...]/2026. Varnaraðili kærði þann úrskurð til Landsréttar sem markaði farbanni varnaraðila styttri tíma með úrskurði 28. janúar sl. í máli nr. 68/2026, eða til dagsins í dag.

Fyrir liggur mat Landsréttar annars vegar um það að varnaraðili sé undir rökstuddum grun um að hafa framið brot sem fangelsisrefsing liggur við og að hætta kunni að vera á því að varnaraðili muni reyna að komast úr landi eða leynast, ellegar koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar, fari hann fjáls ferða sinna.

Varnaraðili er fæddur í [...] og á samkvæmt gögnum málsins þar fjölskyldu og hefur tengsl við það land. Í gögnum málsins og rannsóknarúrskurðum sem gengið hafa í máli varnaraðila kemur fram að hann er íslenskur ríkisborgari og á börn sem hér ganga í skóla. Enn fremur á hann dóttur sem býr í [...] og hefur fjölskyldutengsl við [...] og er á það fallist að raunveruleg flóttahætta sé fyrir hendi þrátt fyrir íslenskt

ríkisfang varnaraðila. Þá bera gögn málsins með sér að persónulegar aðstæður varnaraðila hér á landi eru vegna málsins í uppnámi og háðar óvissu, sem staðfest hefur verið í fyrrgreindum úrskurðum héraðsdóms og Landsréttar. Að mati dómsins hefur ekkert nýtt komið fram í málinu sem hnekk getur því mati eða niðurstöðu Landsréttar. Þá verður að telja að aðkoma varnaraðila geti skipt miklu máli varðandi framgang rannsóknarinnar.

Í niðurstöðu Landsréttar í máli nr. 68/2026 var vísað til þess að tafir á rannsókn málsins skýrðust fyrst og fremst af atriðum sem varða sóknaraðila. Tafir á rannsókn málsins nú varða þó að einhverju leyti a.m.k. hagi varnaraðila sjálfs sem hefur gefið upp röng lykilorð varðandi síma sem staðið hefur til að afrita. Þá var í niðurstöðu Landsréttar vísað til þess að ekkert lægi fyrir um lok rannsóknarinnar en sóknaraðili hefur nú upplýst að hún sé á lokametrunum.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og þeirra gagna sem liggja fyrir dómnum er fallist á að tengsl varnaraðila við landið og aðstæður hans að öðru leyti séu þess eðlis að verulegar líkur séu á því að hann muni reyna að komast úr landi eða leynast, ellegar koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar, fari hann frjáls ferða sinna. Því er uppfyllt sérstakt skilyrði b-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008.

Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um að varnaraðili sæti nú áfram farbanni, sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga, eins og nánar greinir hér í úrskurðarorði og er ekki fallist á að marka kröfunni skemmri tíma.

Helgi Sigurðsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð

Varnaraðili, X, kt. [...], skal sæta áframhaldandi farbanni, þó ekki lengur en til föstudagsins 3. júlí 2026, kl. 16:00.